

Nd.

369. Nefndarálit

[147. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Við undirritaðir nefndarmenn mælum með samþykkt þess með breytingum.

Tilgangur frv. er sá að koma í veg fyrir stöðvun í rekstri frystihúsa og þorskveiðiskipa um sinn með því að veita nokkurt fé úr ríkissjóði til stuðnings þessum aðilum. Er hér um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, þá fjórðu í röðinni frá árinu 1964 að telja, til stuðnings ýmsum greinum sjávarútvegs og fiskiðnaðar. En auk þessa hefur rekstur togara verið styrktur úr ríkissjóði allt valdatímabil „viðreisnar“-stjórnarinnar.

Þessar staðreyndir eru þungur áfellingdómur um árangur stjórnarstefnunnar, sem ríkt hefur í 7½ ár og hafði að aðalmarkmiði að koma atvinnulifinu á heilbrigðan grundvöll og tryggja, að útflutningsframleiðslan yrði rekin hallalaust án uppbóta og styrkja.

Af fjárlögum ársins 1967 sést, að um 1.3 milljarði króna af ríkistekjum upp á 4.7 milljarða er varið til uppbóta og niðurgreiðslna til þess að forða frá stöðvun í atvinnulifinu, en raunar er fjárhæð þessi mörg hundruð milljónum hærri, ef allur fjárstuðningur við atvinnuvegina úr ríkissjóði væri talinn. Má því fullyrða, að um 1 kr. af hverjum 3 kr., sem innheimtar eru í ríkissjóðinn, sé notuð í þessum tilgangi.

Þrátt fyrir þetta eru erfiðleikar stofnatvinnuveganna nú meiri en oftast áður. Ekkert verðfall erlendis né samdráttur í þjóðarframleiðslu fær skýrt þetta. Þjóðartekjur á mann hafa á tímabilinu 1960—1965 vaxið um 5.7%, sem er sennilega mesta hagvaxtarskeið síðustu áratuga og á að miklu leyti rót að rekja til síbatnandi viðskiptakjara við útlönd.

Frv. þetta fjallar um einn þátt þessara vandamála, rekstrarvandamál frystihúsanna, smærri bátanna og togaranna. Er í veðri látið vaka af þeim, sem að flutningi þess standa, að verðfall á frystum fiskafurðum á erlendum mörkuðum hafi skapað þessa erfiðleika. Að áliti okkar er ekki nema hluti sannleikans þar með sagður og stærstu ástæðunum alveg sleppt, sem eru síaukinn rekstrar- og útgerðarkostnaður af völdum óðaverðbólgunnar, er dafnað hefur óvenjuvel á valdatíma „viðreisnar“-stjórnarinnar, en hún hefur vaxið 3—4 sinnum hraðar en í helztu viðskiptalöndum okkar og hjá keppinautum um markaðina.

Árið 1966 er talið, að frystihúsin hafi tapað á milli 50 og 100 milljónum króna, en einmitt það árið hefur Efnahagsstofnunin upplýst í skýrslu sinni til Hagráðs, að meðalverð útfluttra þorskafurða hafi verið 10% hærra en meðalverð ársins 1965 og meðalverð skelfiskafurða 5% hærra.

Árin 1964—1966 voru frystihúsunum veittar í uppbætur á framleiðslu sína 126 milljónir króna samtals til að standa undir hækkingu fiskverði. Öll þessi ár seldust frystar fiskafurðir fyrir síhækkandi verð. Þannig segir í skýrslu Efnahagsstofnunarinnar til Hagráðs, að markaðsverð frystra afurða hafi hækkað um 45% árin 1960—1965. Varla verður verðlækkun kennt um erfiðleikana þessi árin.

Á s. l. ári skilaði nefnd alþingismanna, er athugaði rekstrarvandamál báta undir 120 smálestum að stærð, áliti. Niðurstaða hennar var sú í fáum orðum sagt, að enginn rekstrargrundvöllur væri til fyrir þá nú. Með samanburði á milli ára var sýnt fram á, að rekstraraðstöðu meðalbáts hafði hrakað, útgerðarkostnaður óx hraðar en tekjur bátsins, þrátt fyrir allmiklar hækkningar fiskverðsins.

Hnignun í togaraútgerð er alkunn, og fækkar þeim togurum jafnt og þétt, sem eru í rekstri. Enginn rekstrargrundvöllur er til fyrir þessi skip í dag, og eru togararnir reknir með stórfelldu tapi.

Frumvarp þetta á að forða stöðvun í þessum atvinnugreinum næstu mánuðina. En meira þarf til. Stefnumbreyting, þar sem horfið er frá óðaverðbólgu, er nauðsynleg. Mótun stefnu í uppbyggingu bátafloata og fiskiðjuvera og nýtingu fiskimiða er einnig nauðsynleg. Létta þarf álagnum af þessum atvinnuvegi og lækka fjármagnskostnaðinn.

Þingmenn Framsóknarflokksins hafa á undanförunum þingum flutt fjölda mála í þessa stefnu, en öll hafa þau verið felld eða svæfð.

Frv. gerir ráð fyrir, að fjár til þeirrar hækkunar fiskverðs, sem um er rætt, verði aflað með því að rýra framkvæmdafé á fjárlögum og klípa 20 milljónir króna af jöfnunarsjóðsfé sveitarfélaganna. Á það getum við ekki fallizt. Ríkissjóður hafði á s. l. ári um 800—900 milljónir króna í umframtekjur skv. fjárlögum. Sú aukna skattheimta á m. a. sök á þeim vanda, sem frv. fjallar um, og teljum við því eðlilegt, að hluti af greiðsluafgangi ríkissjóðs 1966 verði notaður í þessu skyni. Um það fjallar fyrsta brtt. okkar.

Þá er það upplýst, að svokölluðu hagræðingarfé til frystihúsanna er ætlað að standa undir hærra fiskverði, en ekki sérstaklega til framleiðniaukningar. Við teljum, að nefna beri hlutina réttum nöfnum, og flytjum brtt. um það.

Síðasta brtt. okkar miðar að því að gera ákvæði 10. gr. skýrari. Við teljum óeðlilegt að takmarka eftirgjafir fjárkrafna við Ríkisábyrgðasjóð einan, en þannig skiljum við greinina. Við leggjum til, að þessu verði breytt eins og fram kemur í 3. brtt. okkar.

Með tilliti til framanritaðs leggjum við til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Til að standa straum af greiðslu þeirrar viðbótar við fiskverðið, sem heimiluð er í 1. gr. þessara laga, er ríkisstjórninni heimilt að verja allt að 85 milljónum króna af greiðsluafgangi ársins 1966.

2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Ríkissjóður leggur fram 50 milljónir króna á árinu 1967, sem úthluta skal til frystihúsa í hlutfalli við framleiðslu þeirra af frystum fiskafurðum. Seðlabanki Íslands úthlutar þessu fé í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

3. Við 10. gr. 3. málsl. orðist svo:

Til þess að greiða fyrir slíkum aðgerðum og í sambandi við þær er Fiskveiðasjóði Íslands, Framkvæmdasjóði Íslands og öðrum opinberum lánasjóðum ásamt Ríkisábyrgðasjóði heimilt að gefa eftir kröfur á einstök frystihús, ef slíkt er óhjákvæmilegt til þess að koma þeim á viðunandi grundvöll, enda fallist aðrir kröfuhafar einnig á eftirgjafir, eftir því sem eðlilegt þykir.

Alþingi, 19. marz 1967.

Jón Skaftason, Ingvar Gíslason.
frsm.